



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Er forníslenska fornafnafellimál?

Um núllfrumlög í fornu máli

Ritgerð til B.A.-prófs í íslensku sem öðru máli

Jordan Morris Chark

September 2014

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenska sem annað mál

Er forníslenska fornafnafellimál?

Um núllfrumlög í fornu máli

Ritgerð til B.A.-prófs í íslensku sem öðru máli

Jordan Chark
Kt.: 201293-3169

Leiðbeinandi: Jóhannes Gísli Jónsson
September 2014

Ágrip

Meginviðfangsefni þessarar ritgerðar eru *frumlagnúlliðir* (e. null subject) í íslensku á hinum ýmsu málstigum. Þetta efni þykir einkum athyglisvert vegna þess að hægt er að tengja það við aðrar meiriháttar setningafræðilegar breytingar sem orðið hafa í sögu íslenskunnar.

Efnisskipan ritgerðarinnar er á þá leið að í fyrsta kafla verða hugmyndir fræðimanna í tímans rás um frumlagnúlliði kynntar og sagt verður frá því helsta sem haldið hefur verið fram um eðli þeirra. Rætt er um *kenninguna um lögmál og færíbreytur* (e. principles and parameters) sem útgangspunktur þessara rita. Einnig er lítillega vikið að flokkun tungumála með tilliti til þessa út frá málgerðarfræðilegu sjónarhorni.

Í öðrum kafla er fjallað um hvernig núllfrumlög birtast í íslensku. Fyrst er hugað að nútímamálinu. Þá er farið í saumana á dreifingu núllfrumlaga á eldri málstigum og fjallað ítarlega um mismunandi gerðir þeirra. Í þriðja kafla er farið yfir nokkrar kenningar sem settar hafa verið fram til að útskýra hegðun þessara liða. Þá er einkum stuðst við greiningu Halldórs Ármanns Sigurðssonar (1993) en einnig verða greiningar fræðimanna er varða núllfrumlög í náskyldum málum teknar fyrir. Eins er hugað að *textavísandi* (e. discourse oriented) málum og staða íslenskunnar í því sambandi.

Í fjórða kafla er gerð tilraun til að skýra í meginráttum ástæðu þess að flestar gerðir núllfrumlaga hurfu úr íslensku, að svo er virðist skyndilega, á 19. öld. Þetta gerðist samfara öðrum málfræðilegum kerfisbreytingum. Þar ber helst að nefna hvarf SA (e. OV) orðaraðar en hún virðist hafa horfið á svipuðum tíma og vísandi núlliðir. Fyrst er rætt aðeins um málbreytingar frá almennu sjónarhóli en þá er vikið að kenningum fræðimanna um breytingar færíbreytna. Eins er skýrt frá tilgátu Þorbjargar Hróarsdóttur (2011) þess efnis að núlliðir og AS-orðaröð meðal annarra málbreytinga megi rekja aftur til umfangsmikilla breytinga í íslensku samfélagi á 17. og 18. öld og þess málumhverfis sem þar skapaðist. Að lokum eru helstu niðurstöður ritgerðarinnar teknar saman.

Formáli

Skólaárið 2011-2012 var ég svo heppinn að hljóta styrk mennta- og menningamálaráðuneytisins til að stunda nám í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands. Án stuðnings allra þeirra frábæru kennara sem ég hef fengið að kynnast á meðan á námi mínu stóð hefði þessi ritgerð ekki orðið að veruleika. Fyrir aðeins fimm árum kunní ég varla orð í íslensku en þetta fallega tungumál er orðið mér afskaplega dýrmætt. Ég vil fyrst og fremst þakka fjölskyldu minni, þó svo að ekki einn einasti meðlimur hennar geti lesið þessa málsgrein, fyrir að hafa alltaf óbilandi trú á mér og leyfa mér að láta drauma mína rætast. Einnig kann ég Jóhannesi Gísla Jónssyni bestu þakkir fyrir góða leiðsögn við gerð þessarar ritgerðar.

Efnisgrind

Inngangur.....	3
1. Fræðilegur bakgrunnur.....	6
1.1 Lögmál og færíbreytur.....	6
1.2 Fornafnafellifæríbreytan.....	7
1.3 Formgerð setninga og hið víðara vörpunarskilyrði.....	11
1.4 Tómir liðir.....	13
1.5 Nánar um ríkulega sagnbeygingu.....	14
1.6 Málgerðarfræðileg flokkun fornafnafellimála.....	16
2. Núllfrumlög í íslensku.....	19
2.1 Núllfrumlög í nútímamáli.....	19
2.2 Núllfrumlög í eldri íslensku.....	21
2.2.1 Núllfrumlög með frumlag sem undanfara.....	23
2.2.2 Núllfrumlög með undanfara annan en frumlag.....	23
2.2.3 Núllfrumlög án undanfara.....	24
3. Rannsóknarsaga.....	26
3.1 Meginniðurstöður Þóru Bjarkar (1993).....	26
3.2 Greining Halldórs Ármanns Sigurðssonar (1993).....	27
3.3 Greining Kinn, Rusten, Walkden (2014).....	28
3.4 Samanburður við skyld mál.....	30
3.5 Textavísandi mál.....	31
4. Hvernig urðu vísandi núllfrumlög ótæk í íslensku?.....	34
4.1 Um málbreytingar.....	34
4.2 Þrjár tengdar málbreytingar.....	36
4.3 Samtímaleg samkeppni.....	38
4.4 Ytri ástæður.....	38
5. Lokaor	

Inngangur

Eitt fyrirferðarmesta viðfangsefni í málkunnáttufræði undanfarin ár eru tómir eða *núll* liðir. Hér eru einkum þeir núllliðir til umfjöllunar sem hefð er fyrir að tákna með *pro*. Misjafnt er á milli tungumála hvort slíkir liðir séu yfirhöfuð leyfilegir.

Í mörgum tungumálum heims, svokölluð fornafnafellimál, er valfrjálst að sleppa frumlagi persónuháttarsetninga, t.d. í spænsku (sbr. 1a.). Ljóst er að ekki er hægt að mynda sams konar setningar í íslensku nútímamáli. Ef við lítum á (2) vísar eyðan í hinni seinni hliðskipaðri setningu aftur til orðsins *sverðinu* en sú túlkun fellur auðvitað ekki að málkennnd Íslendinga nú til dags. Þó voru dæmi af því tagi, svokallaðir *vísandi* (e. referential) núllliðir, tækir á eldri málstigum íslenskunnar og talið er að núllliðir af því tagi hafi lifað góðu lífi í málinu allt fram á 19. öld. Með orðinu *vísandi* er átt við að núllliðurinn hefur ákveðna tilvísun út fyrir setningu, en í nútímamáli er þá nauðsynlegt að nota sýnilegt fornafn við slík tilfelli.

(1)

a. Salimos.

fara.1p.flt.pt.

b. *Fórum.

(2) Hann heggur *sverðinu_i* og *___i* kom í þvertréð.

Meginviðfangsefni þessarar ritgerðar eru *frumlagnúllliðir* (e. null subject) í íslensku á hinum ýmsu málstigum. Þetta efni þykir einkum athyglisvert vegna þess að hægt er að tengja það við aðrar meiriháttar setningafræðilegar breytingar sem orðið hafa í sögu íslenskunnar. *Andlagnúllliðir* (e. null objects) eru einnig til í íslensku en auðveldara er að bera saman niðurstöður úr rannsóknnum á frumlagnúllliðum úr því að svipaðar rannsóknir hafa verið gerðar í mörgum tungumálum heims.

Í kandiðatsritgerð sinni rannsakaði Þóra Björk Hjartardóttir (1993) dreifingu núllliða í íslensku og er hún ein sú víðamesta rannsókn sem gerð hefur verið um þetta

fyrirbæri. Þóra nefnir að frumlagnúlliðir voru í fornu máli algengir í flestöllum setningagerðum.

Í grannmálum íslenskunnar, til að mynda sænsku og norsku, er venjulega talið að núlliðir hafi orðið ótækir samfara því að beygingakerfi þeirra einfölduðust. Beygingakerfi íslenskunnar hefur þó haldist að mestu óbreytt jafnvel í samanburði við eldri forn-málstexta. Forvitnilegt er að skoða þetta nánar í ljósi þeirrar meginkennningar að leyfisveitingu núlliða tengist ríkulegri sagnabeygingu sterkum böndum. Lengi vel hafa fræðimenn (sbr. Rizzi 1982) haldið því fram að núlliðir séu einungis mögulegir í þeim tungumálum þar sem beygingarmyndir sagna greina skýrt á milli hvernar persónu og tölu, en þá þykir óþarfi að taka fram sömu upplýsingarnar með sýnilegu fornafni. Í íslensku er þó hægt að halda því fram að aðrir þættir (t.a.m. reglur um *upplýsingaform* (e. information structure) hafa verið að verki sem leiddu til þess að vísandi núlliðir hurfu.

Efnisskipan ritgerðarinnar er á þá leið að í fyrsta kafla verða hugmyndir fræðimanna í tímans rás um frumlagnúlliði kynntar og sagt verður frá því helsta sem haldið hefur verið fram um eðli þeirra. Rætt er um *kenninguna um lögmál og færíbreytur* (e. principles and parameters) sem útgangspunktur þessara rita. Einnig er lítillega vikið að flokkun tungumála með tilliti til þessa út frá málgerðarfræðilegu sjónarhorni.

Í öðrum kafla er fjallað um hvernig núllfrumlög birtast í íslensku. Fyrst er hugað að nútímamálinu. Þá er farið í saumana á dreifingu núllfrumlaga á eldri málstígum og fjallað ítarlega um mismunandi gerðir þeirra. Í þriðja kafla er farið yfir nokkrar kenningar sem settar hafa verið fram til að útskýra hegðun þessara liða. Þá er einkum stuðst við greiningu Halldórs Ármanns Sigurðssonar (1993) en einnig verða greiningar fræðimanna er varða núllfrumlög í náskyldum málum teknar fyrir. Kemst hann að þeirri niðurstöðu að gera þarf greinarmun á tvenns konar núlliðum í eldri íslensku, hins vegar *kjarnabrottfall* (e. topic drop) en hins vegar *alvöru fornafnafelling* (e. genuine pro-drop). Eins er hugað að *textavísandi* (e. discourse oriented) málum og staða íslenskunnar í því sambandi, en núlliður í eldra máli þurftu að vera *endurheimtanlegir* (e. recoverable) úr undangenginni umræðusamhengi.

Í fjórða kafla er gerð tilraun til að skýra í megindrátum ástæðu þess að flestar gerðir núllfrumlaga hurfu úr íslensku, að svo er virðist skyndilega, á 19. öld. Þetta

gerðist samfara öðrum málfræðilegum kerfisbreytingum. Þar ber helst að nefna hvarf SA (e. OV) orðaraðar en hún virðist hafa horfið á svipuðum tíma og vísandi núlliðir. Fyrst er rætt aðeins um málbreytingar frá almennu sjónarhóli en þá er vikið að kenningum fræðimanna um breytingar færíbreytna. Eins er skýrt frá tilgátu Þorbjargar Hróarsdóttur (2011) þess efnis að núlliðir og AS-orðaröð meðal annarra málbreytinga megi rekja aftur til umfangsmikilla breytinga í íslensku samfélagi á 17. og 18. öld og þess málumhverfis sem þar skapaðist. Að lokum eru helstu niðurstöður ritgerðarinnar teknar saman.

1 Fræðilegur bakgrunnur

1.1 Lögmál og færíbreytur

Eitt meginmarkmið málkunnáttufræðinnar¹ er að gera grein fyrir þeirri ótrúlegu staðreynd að börn ná tökum á móðurmáli sínu að því er virðist sjálfkrafa. Því hefur verið haldið fram að ómögulegt sé fyrir barn að læra móðurmál sitt einungis út frá því mállega ílagi (e. input) sem það fær í nærumhverfi sínu. Chomsky (1981) nefnir þessa staðhæfingu *Ráðgátu Platóns* (e. Plato's problem).

Talið er að börn hljóta að fæðast með nokkurs konar kunnáttu sem gerir þeim kleift að tileinka sér móðurmál þeirra, hið svokallaða *máلتileinkunartæki* (e. language acquisition device). Helstu rök fyrir slíku tæki felast í *fáfengileika máláreitising* (e. poverty of the stimulus). Þá er átt við m.a. að þau mállegu gögn sem börn þurfa að vinna úr eru yfirfull af neikvæðum dæmum, þ.e. ótækar og brotackenndar setningar. Samt sem áður eru börn fær um að mynda setningar sem þau aldrei hafa heyrt sem og nota setningagerðir sem ólíklegt er að þau hafi rekist mikið á áður. Eiríkur Rögnvaldsson (1995) segir þetta máلتileinkunartæki annars vegar skipað þeim reglum sem sameiginlegar eru öllum mannlegum málum, þ.e. *algildismálfræði* (e. universal grammar) og *færíbreytum* (e. parameters). Hægt er að lýsa færíbreytum sem tvígildum (e. binary) „ramma“ sem þarf að stilla annað hvort með jákvætt eða neikvætt gildi (Eiríkur 2006).

Út frá því ílagi sem þau fá átta börn á máلتökuskeiði sig smám saman á gildi hverrar færíbreytu á fætur annari. Hver færíbreyta er talin fela í sér mengi setningafræðilegra einkenna (Eiríkur 1995) og mætti segja sem svo að þessi einkenni þyrpist saman. Til dæmis mætti setja fram þá meginreglu að mál sem hafa grunnorðaröðina *FSA* (e. SVO), þ.e. frumlag-sögn-andlag, hafa forsetningar en á hinn bóginn hafa *FAS* mál eftirsetningar (Roberts 2007: 23).

Kenningin um lögmál og færíbreytur (e. Principles and Parameters Theory) hefur þó í gegnum tíðina sætt gagnrýni úr ýmsum áttum, m.a. af hálfu fræðimanna sem starfa innan ramma málkunnáttufræðinnar. Newmeyer (2003) segir kenninguna í heild

¹ Sú fræðigrein sem heitir *generative grammar* á frummálinu hefur ýmist verið þýtt sem

sinni glataða, en kemst hann að þeirri niðurstöðu að ekkert bendi til þess að færíbreytur séu að verki sem ákvarða rammann fyrir breytileika mannlegra mála. Ekki verður fjallað nánar um þetta hér vegna plássleysis, en hafa verður í huga að þessi kenning er alls ekki óumdeild.

Innan lögmála- og færíbreytukenningunnar eru tvær meginstefnur í rannsóknum: *GB-fræði* (e. Government and Binding Theory) og *naumhyggjumálfræði* (e. Minimalism). Umdeilanlegt er hvaða munur liggi þar á milli. Naumhyggjumálfræði er talsvert nýlegri en á hún rætur að rekja til Chomsky (1993). GB-fræði var hins vegar hið ráðandi kenningakerfi generatífrar setningafræði fram á miðju 9. áratugarins. Í þónokkuð einfölduðu máli mætti halda því fram að naumhyggjufræðin sé eðlilegt framhald hins kenningakerfisins, GB-fræðinnar. Þau rit sem vísað er til í ritgerð þessari eru misgömul og jafnan unnin innan ramma ólíkra kenningakerfa. Langflest eru þau þó í anda málkunnáttufræðinnar.

Það er fyrir utan ramma þessarar ritgerðar að gera grein fyrir þessu kenningakerfi í heild sinni. Ýmsar fræðilegar grunnforsendur verða skýrðar eftir því sem nauðsynlegt þykir. Auk þess verða ýmis illskilgreinanleg hugtök rætt.

1.2 Fornafnafellifæríbreytan

Ein þekktasta og að jafnaði rannsakaðasta færíbreyta er *fornafnafellifæríbreytan* (e. pro-drop parameter). Þessi færíbreyta kom til sögunnar í fræðilegri umræðu á 8. áratug síðustu aldar, en Chomsky (1981) setti hana fram til þess að útskýra þann mun sem er á tungumálum eins og ítölsku annars vegar, þar sem hægt er að sleppa frumlagi í persónuháttarsetningum, og ensku hins vegar, en í henni er slíkt ekki tækt. Í spænsku þykir til dæmis fullkomlega hlutlaust að sleppa frumlaginu *við* í eftirfarandi dæmi, en sagnmyndin sem um ræðir *–mos* getur einungis átt við fyrstu persónu fleirtölu í þátíð.

(1) [spænska]

- a. Salimos.
fara.1p.fl.t.pt.
Við fórum.

Almennt er talið að í tungumálum með *rikulega sagnbeygingu* (e. rich agreement) er sá möguleiki til staðar að sleppa frumlagi persónuháttarsetninga. Ástæðan fyrir þessu er að í þeim málum þar sem sagnbeyging telst nægilega ríkuleg gefst málhöfum kostur á að endurheimta (e. recover) viðeigandi upplýsingar varðandi kyn, persónu, og tölu út frá beygingarendingum sagna í stað sýnilegs fornafns², sbr. dæmi (2) úr ítölsku, en í því máli eru beygingarmyndir sagna greinilega aðgreindar í öllum persónum, tölum og háttum.

(2)

[ítalska]

nh. *mangiare*, að borða

1p.et. mangio - [ég] borða

1p.ft. mangiamo - [við] borðum

2p.et. mangi - [þú] borðar

2p.ft. mangiate - [þið] borðið

3p.et. mangia - [hann/hún] borðar

3p.ft. mangiano - [þeir/þær/þau] borða

Þetta verður að teljast rökrétt, ekki síst út frá hagkvæmnissjónarmiði, en Chomsky (1983) lagði til að í tungumálum almennt gildir sú regla að forðast það að nota sýnileg fornöfn þar sem hægt er að sleppa þeim, en heitir þetta skilyrði *forðast fornafn* (e. The Avoid Pronoun Principle).

Það mætti út frá því sem hér segir halda að íslenska væri dæmigert fornafnafellimál. En sú er ekki raunin. Fornmálið hefur þó mun meira sameiginlegt við hin hefðbundnu fornafnafellimál en nútímamálið. Athygli setningafræðinga hefur beinst að íslensku í þessu sambandi úr því að núlliðir glötuðust í málinu þó án þess að beygingakerfið hafi breyst að ráði. Af því leiðir að erfitt er að skilgreina nákvæmlega

² Sú hugmynd að tengsl sé milli sagnbeygingar og möguleika þess að sleppa frumlögum persónuháttarsetninga er þó alls ekki ný af nálinni og raunar má rekja hana aftur til forngríska málfræðingsins *Appolonius Dyscolus* (Biberauer, et.al 2010: 9)

hvaða tengsl eru á milli sagnabeygingar og möguleika þess að fella brott rökliði, en dæmi úr fleiri málum benda í sama átt.

Síðan Rizzi (1982) hafa ýmis setningafræðileg einkenni verið tengd við fornafnafellifæribreytuna, þ.e. *mengi* (e. cluster) einkenna sem í henni felst (Eiríkur Rögnvaldsson 2006). Meðal þeirra er (3a) svokölluð að-spors-áhrif (e. that-trace filter violation), (3b) löng spurnarfærsla, (3c) frjáls umsnúningur

(3)

- a. ¿Quién piensas que vendrá?
hver halda.2p.sg. að mun.koma
Hver heldur þú að muni koma?
- b. L'uomo che mi domando chi abbia visto.
maðurinn sem ég velti fyrir mér að hafi séð
Maðurinn sem ég velti fyrir mér að hann hafi séð.
- c. Habló Marta.
tala.3p.þt marta
Marta talaði.

Þótt oftast sé einungis talað um eina færibreytu í tengslum við fornafnafellifæribreytuna, er raunar um tvær aðskildar færibreytur að ræða skv. Rizzi (1982).

(4)

- a. INFL getur verið [+fornefni]
- b. INFL sem er [+fornefni] getur verið vísandi

Hér er í fyrsta lagi verið að skipta tungumálum í tvennt eftir því hvort þau geti talist til fornafnafellimála yfirhöfuð og í öðru lagi er skiptingin á þann veg að annaðhvort leyfa

tungumál bæði vísandi og vísunarlausu núlliði eða þá vísunarlausu eingöngu. Líkt og íslenska hefur þýska vísunarlausu núlliði, sbr. (5) (Sheehan 2009: 239).

- (5) Gestern regnete *(es). [þýska]
í gær rigndi það
Í gær rigndi (*það).

Einföld tvígreining á milli fornafnafellimála (þar sem ríkulegrar sagnbeygingar er krafist) og allra annarra mála dugir þó ekki til að skýra eðli núlliða í málum eins og kínversku skv. Huang (1984). Í kínversku, sem og fjölda annarra mála, er ekkert samræmi milli frumlags og sagnar. Samkvæmt upphaflegu kenningunni (Rizzi 1982) ættu núlliðir því ekki að koma fyrir í henni. Raunin er hins vegar önnur og því kallaði þessar nýju upplýsingar á endurskoðun mála. Huang (1984) leysir þessa mótsögn með því að setja fram þá tilgátu að hér sé ekki um fornafnafellingu að ræða í venjulegum skilningi heldur *kjarnabrottfall* (e. topic drop). Vandasamt er að skilgreina hugtakið *kjarna* en oftast er þá átt við þá lið setningar sem inniheldur fyrirfram gefnar upplýsingar, en mælandi gerir þá ráð fyrir að ekki sé ástæða til að endurtaka slíkan lið.

- (6) [kínverska]
Zhangsan shuo __ kanjian-le Lisi.
Zhangsan sagði __ sá Lisi
'Zhangsan sagði að hann sá Lisi'

Enn fremur setur Huang (1984) fram þá kenningu að til séu tvær færíbreytur að verki sem segja til um hvort ákveðið tungumál leyfi núlliði eða ekki. Fyrsta færíbreytan gerir greinarmun á núllkjarnamálum (e. zero-topic language) eins og kínversku annars vegar og ei-núllkjarnamálum (e. non-zero-topic language) eins og ítölsku og ensku hins vegar. Þessi færíbreyta fellur undir enn stærri færíbreytu sem á að skýra muninn á samræðureglnamálum (e. discourse-oriented language) og setningareglnamálum (e. sentence oriented languages). Í núllkjarnamálum eru núllfrumlög leyfileg vegna vísunar undanfara sem komið hefur fyrir í undanfarandi umræðusamhengi.

1.3 Formgerð setninga og hið víðara vörpunarskilyrði

Í íslensku nútímamáli er hin hlutlaus orðaröð FSA (e. SVO). Hjálparsagnir standa í sagnlið á undan andlagi. Að sama skapi standa atviksorð á b.v. *stundum* eða *aldrei* auk neitunar á eftir sagnlið. Hægt er að beita ýmiss konar færslum sem leiða til þess að orðaröð verður frábrugðin þeirri hlutlausu.

Í þessu sambandi er *kjarnafærsla* (e. topicalisation) oft nefnd til sögunnar en hún felur í sér að einn setningarliður er færður fremst í setningu, sbr. (7b). En hvað er þessi kjarni sem verið er að færa?³ Ekki er hægt að kjarnafæra setningaliði af öllu tagi, en til að mynda er algengt að kjarnafærslu sé beitt á nafnliðum sem standa með ábeningarfornafni.

(7)

- a. Sigga á ekki þessa tösku.
- b. Þessa tösku á Sigga ekki.


Alkunna er að íslenska er, líkt og öllum germönskum málum nema ensku, V2 mál, þ.e. persónubeygða sögnin stendur í öðru sæti ef miðað er við grunnorðaröð málsins. Samkvæmt hinni svokölluðu *tengiliðakenningu* (e. CP recursion hypothesis) er talið að þessi orðaröð skapist af því að persónubeygðar sagnir flytjast í haus tengiliðar (TL, CP) en hámarksvörpun (XL)⁴ færist einnig upp í ákvæðisliðarsæti tengiliðar.

Höskuldur Þráinsson (2007) fjallar um grunnformgerð íslenskra setninga í stórriti sínu *The Syntax of Icelandic*. Yfirleitt er gengið út frá því að persónubeygðar sagnir séu grunnmyndaðar inni í sagnlið en flytjast síðan upp í beygingarlið (BL, TP) svo framarlega sem enginn annar liður sé í honum, t.d. vegna kjarnafærslu. Í kjarnafærslusetningum þarf þá einnig að gera ráð fyrir annarri færslu, þ.e. sagnfærslu, en þá færist persónubeygða sögnin í tengipláss (*sagnfærsla í tengipláss*, e. V-to-C(omplementizer) movement). Þetta sést hvað best með hríslumynd. Í þessu dæmi sést spor sagnarinnar (sem færst hefur upp hrísluna) en það er táknað með *v*.

³ Eitt markmið generatífrar setningafræði er að leitast við að skýra þau tengsl og vensl sem eru á milli ákveðinna setningahluta. Hlutverk *kjarnans*, þ.e. þess liðar sem stendur fremst í setningu er oft á tíðum það að miðla fyrirfram gefnum upplýsingum.

⁴ Nánar má lesa um hið svonefnda liðgerðarkenningu (e. x-bar theory) hjá Höskuldi Þráinssyni (2007)

(8)



Hugtakið frumlag tengist kenningunni um *merkingarhlutverk* (e. semantic roles) nánnum böndum innan GB-fræði. Sagnir taka með sér fylgiliði, en misjafnt er eftir merkingu þeirra hve marga og hvers konar fylgiliði þær taka, þ.e. *rökformgerð* (e. argument structure) þeirra. Þær þurfa semsagt að deila út merkingarhlutverkum til rökliða. Samkvæmt hinu víðara vörpunarskilyrði (e. Extended Projection Principle, EPP) er frumlagsbás ávallt til staðar í formgerð setninga þó svo að sá liður sem í honum stendur sé að jafnaði ekki nauðsynlega borinn fram⁵. Tilvist hins víðara vörpunarskilyrðis er afleiðing þess grunnskilyrðis generatífrar setningafræði að upplýsingar úr orðasafni

⁵ Tilvist hins víðara vörpunarskilyrðis er ekki óumdeilt meðal fræðimanna. Rökin fyrir þessu eru þau að raunin er sú að í langflestum tungumálum heims er sýnilegs frumlags ekki krafist, sbr. Dryer (2011) og umfjöllun um þetta hér á eftir.

birtist í formgerð setninga, *vörpunarskilyrðið* (e. *Projection Principle*) auk hlutverkaskilyrðis (9).

(9) Hlutverkaskilyrðið⁶

Allir rökliðir umsagnar verða að fá merkingarhlutverk og öllum merkingarhlutverkum umsagnar verður að úthluta til rökliðar.

Fyrst var sýnt fram á hið víðara vörpunarskilyrði til þess að skýra frá því að í sumum málum er ekkert *gervifrumlag* eða *leppur* (e. expletive) til að fylla upp í frumlagssætið (þ.e. ákvæðisliðarsæti BL) í þeim tilvikum þegar engu merkingarhlutverki er úthlutað til frumlagsins. Sbr. enska, íslenska og spænska hér að neðan (10).

(10) (Hofherr 2006)

a. Parece que Juan no quiere venir.

virðist.3p. að Juan ekki vill koma

b. **It** seems that Juan does not want to come.

c. **Það** virðist sem Jón vilji ekki koma.

1.4 Tómir liðir

Gengið er út frá því innan málkunnáttufræðinnar að nafnliðir geti verið annað hvort sýnilegir (e. overt) eða tómir (e. empty). Nafngift þessi hlýst af því að liðir af seinni gerðinni eru ekki bornir fram þótt ýmislegt bendi til að þeir séu til staðar í djúpperð setninga (Poole 2011). Hér ber að geta þess að skv. GB-fræði eru allir nafnliðir í grunninn eins. Nafnliðir af hverri gerð hafa mismunandi eiginleika eftir því hvernig þeir passa inn í *bindikeninguna* (e. Binding Theory) og *fallakenninguna* (e. Case Theory) (Haegeman 1994). Báðar eru þær grundvallarkenningar innan GB fræði. Eiríkur Rögnvaldsson (1995) flokkar gerðir tómbra liða í fernt eftir setningafræðilegum einkennum þeirra:

⁶ Þessi þýðing á hlutverkaskilyrðinu er fengin frá dreifiblaði úr námskeiðinu *Setningafræði* vorið 2014 við Háskóla Íslands, kennari var Jóhannes Gísli Jónsson.

(11)

- a. PRO (stóra pro): [+anafóra] og [+fornafn]
- b. nafnliðaspor (e. NP-trace): [+anafóra] og [-fornafn]
- c. spurnarfærsluspor (e. wh-trace): [-anafóra] og [+fornafn]
- d. pro (litla pro): [-anafóra] og [+fornafn]

Tvær gerðir þessara liða, spurnarfærslu- og nafnliðaspor eru tómir vegna færslu, sem leiðir af sér spor. Látið verður liggja á milli hluta að fjalla nánar um þessar gerðir liða enda koma þær umfjölluninni ekki nema óbeint við. Lengi vel var óvíst hvers konar tómur nafnliður hefði þættina [-anafóra] og [+fornafn]. Slíkur nafnliður þyrfti að vera háður Bindilögmáli B og yrði því hliðstæður sýnilegum persónufornöfnum í dreifingu.⁷

Í þessari ritgerð verður gengið út frá því að núllfrumlagið megi finna í formgerð setningar í formi ósýnilega frumlagsins *pro* sem stendur í frumlagssæti, sbr. hið víðara vörpunarskilyrði sem nefnt var hér að framan. Eins og fyrr segir er *pro* hliðstætt persónufornöfnum. Af þessu leiðir að það er frjálst í sinni stjórnardeild og getur því vísað út fyrir setningu.

Á grundvelli hins víðara vörpunarskilyrðis er gengið út frá því að frumlagssæti sé þarna á sínum stað í ákvæðisliðarsæti BL. Nafnliðurinn *pro* er grunnmyndaður inni í sagnlið og er honum úthlutað merkingarhlutverk af sögninni. Þá færist hann upp í ákvarðarabás BL þar sem honum er *stjórnað* (e. governed) af beygingarhausnum.⁸

Til samanburðar má líta á PRO sem er að finna í nafnháttarsetningum, en venjulega er litið svo á að það gegni því hlutverki að vísa aftur til liðar í móðursetningu, t.d. í (11) vísar PRO aftur til frumlagsins *hún* (ÍT3: 346).

(12) Hún hótaði mér að PRO selja bílinn.

1.5 Nánar um ríkulega sagnbeygingu

Eins og fyrr segir hafa fræðimenn oft reynt að tengja fornafnafellifæribreytuna við ríkulega sagnbeygingu. Þó stendur eftir að skilgreina ítarlega hvað átt er við með

⁷ Ekki gefst pláss til nánari umfjöllunar um bindilögmálin þrjú en til glöggvunar má skilgreina bindilögmál B á eftirfarandi hátt: „Persónufornafn verður að vera **frjálst** (þ.e. óbundið) í sinni stjórnardeild., (Jóhannes Gísli Jónsson 2014)

⁸ Í þessu sambandi er oft talað um að frumlagið, þ.e. *pro*, þarf að *gáta* (check) beygingarþætti sína.

„ríkulegri” og hér á eftir verða skoðaðar tvær kenningar sem fram hafa komið til að reglubinda það samband sem virðist vera milli ríkulegrar beygingar og fornafnafellímál.

Jaeggli og Safir (1989) settu fyrst fram kenninguna um beygingarlega einsleitni (e. morphological uniformity) sem átti að vera áreiðanleg leið til þess að segja til út frá eðli sagnabeyginga í tilteknu máli um það hvort það mál leyfi núllfrumlög eða ekki. Í þeim málum þar sem allar beygingarmyndirnar eru afleiddar, þ.e. hafa mismunandi endingar í öllum persónum, eiga núllfrumlög að vera leyfileg og það sama á við í málum þar sem engin beygingarmynd er afleidd. Athugum nú ensku sögnina *to talk*.

(13)	[enska]
to talk	nafnháttur
talk	nt. 1p.et., 2p.et.2p.ft., 3p.ft
talks	3p.et.

Þetta sýnir svart á hvítu að í ensku er einungis 3p.et. mynd sagna afleidd og er hún því ekki fornafnafellímál. Líta má á tilraun Jaeggli og Safir sem skref í átt að því að greina sambandið milli beygingar og leyfisveitingar núllfrumlaga á nákvæmari hátt en gert hefur. Þó eru ýmis vandkvæði í þessari aðferð, en portúgölsku má taka sem dæmi; beygingakerfið telst ekki einsleitt en þó er portúgalskan fullgilt fornafnafellímál.

Fram hafa komið kenningar sem leitast hafa við að gera grein fyrir tvennu. Í fyrsta lagi, hvort til sé áreiðanlegur mælikvarði á „ríkulegri sagnbeygingu,“. Í öðru lagi má nefna tungumál eins og íslensku sem hefur lengi verið talin með ríkulega beygingu en leyfir þó ekki núllfrumlög í hefðbundnum skilningi. Tamburelli (2006) bendir á að mikilvægt sé að gera ráð fyrir ríkulegri sagnbeygingu í umræðunni um fornafnafellímál, þó svo að fyrri rannsóknir hafi ekki leitt til neinnar nothæfrar niðurstöðu. Hann setur fram þá tilgátu að greining byggð á *þáttaandstöðu* (e. feature opposition) geti verið nægileg til að skýra dreifingu fornafnafellímála.

Tamburelli (2006:441) gerir ráð fyrir að beygingarmyndir innihalda þættina *mælandi*, *viðmælandi*, og *eintala* sem geta verið jákvætt (+) eða neikvætt (-) stilltir, en einnig óskilgreindir (α , β) (Tamburelli 2006). Hann færir rök fyrir því að í þeim málum þar sem beygingarmynd sagna greinir skýrt milli þessara þátta (þ.e. greint er milli jákvæðs og neikvæðs gildis fyrir hvern þátt) eru skilyrði til ríkulegrar beygingar uppfyllt.

Samkvæmt þessu má líta aftur á sagnirnar *mangiare* og *borða*.

(14)

a. *nh. mangiare*

[ítalska]

1p.et. mangio (+sp α ad +sg) 1p.ft. mangiamo (+sp α ad +sg)

2p.et. mangi (+sp +ad +sg) 2p.ft. mangiate (+sp +ad +sg)

3p.et. mangia (+sp -ad +sg) 3p.ft. mangiano (+sp -ad +sg)

b. *nh. borða*

[íslenska]

1p.et. borða (+sp α ad +sg) 1p.ft. borðum (+sp α ad -sg)

2p.et. borðar (-sp +ad +sg) 2p.ft. borðið (+sp +ad -sg)

3p.et. borðar (-sp -ad +sg) 3p.ft. borða

Í (14a) eru beygingarmyndirnar í 1p.et. og ft. eru ótilgreindar hvað varðar þáttinn *viðmælandi*, þ.e. í 1p.et. ríkir óvissa um hvort vísun til viðmælandans sé til staðar. Í fyrstu persónu er þó engin tvíræðni til staðar, vegna þáttarins *+eintala*. Allar hinar beygingarmyndirnar eru þó nægilega tilgreindar, í þeim skilningi að allir þættirnir fyrirfinnast með bæði jákvætt og neikvætt gildi einhvers staðar í beygingunni. Er litið er á íslensku sögnina kemur í ljós að engin þáttaandstaða er að finna hvað þáttinn *viðmælandi* varðar, vegna þess að aðeins 2p.ft. hefur gildi fyrir *viðmælandi*.

1.6 Málgerðarfræðileg flokkun fornafnafellimála

Dryer (2011) hefur borið saman hvernig frumlög persónuháttarsetninga birtast í yfir 700 tungumálum. Hann notar ekki beinlínis hugtakið “núllfrumlag, en þess í stað tilgreinir sex mismunandi aðferðir sem notaðar eru í tungumálum heims til að láta frumlög í ljós. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að 62% þeirra mála sem skoðaðar voru notast við

aðskeyti á sögnum til að tjá frumlagið og í aðeins 12% málanna eru sögð frumlög annaðhvort „skyldubundin eða oftast sýnileg„. Frá sjónarhóli málgerðarfræðinnar eru fornafnafellimál (í einhverjum skilningi) þá í miklum meirihluta tölfræðilega séð. Eldri málgerðarfræðilegar rannsóknir, sbr. Gilligan (1987) taka í svipaðan streng.

Rannsóknir undanfarinna ára á eðli núllfrumlaga í hinum ýmsu málum hafa leitt í ljós að endurskoða þurfi grunnflokkun þeirra. Stafar þetta t.d. af því að til eru mál sem hafa ákveðin einkenni hefðbundinna fornafnafellimála en eru þó með einum eða öðrum hætti frábrugðin hinum hefðbundnu eða klassísku fornafnafellimálum. Sýnt hefur verið fram á að óvissa ríkir um hvernig beri að flokka íslensku í þessu sambandi, en þá er átt við nútímamálið jafnt sem forn málið. Hér verður stuðst við flokkun Biberauer (2010) en hún gerir ráð fyrir fjórum gerðum fornafnafellimála.

1.6.1 Hefðbundin fornafnafellimál

Þetta eru mál sem sleppt geta fornöfnum í öllum persónum og tölum vegna ríkulegrar sagnbeygingar, nokkurn veginn í samræmi við upphaflegu tilgátu þeirra Chomsky (1981) og Rizzis (1982), sbr. dæmi (1a.) úr spænsku hér að ofan.

1.6.2 Hálfgildings fornafnafellimál

Þessi flokkur er ekki eins vel tilgreindur og hinir. Hann inniheldur mál eins og finnsku og hebresku, en í þeim er t.d. mikill munur eftir persónu og tölu sem ræður því hvort hægt sé að leyfa núllið.

(16)

[hebreska]⁹

a. Ani oxel et hatapuax.

Ég borða eplið.

b. Axalti et hatapuax.

borða.1p.þt. eplið

‘Ég borðaði eplið’

1.6.3 Fornafnafellimál með leppum

⁹ Dæmið er mitt eigið.

Nútímaíslenska fellur hér inn vegna þess að í henni er gervifrumlagið *það* notað til að fylla upp í tómt frumlagssætið. Ýmis germönsk mál eiga hér heima, t.d. hollenska (Biberauer 2010: 169)

- (17) ... dat (er) gedanst werd. [hollenska]
að það dansað er
'... að verið er að dansa'

1.6.4 Umræðuvísandi fornafnafellimál

Eins og fyrr segir hefur Huang (1984) stungið upp á færíbreytu sem gerir ráð fyrir tvískiptingu tungumála í samræðureglnamál annars vegar og setningareglnamál hins vegar. Þetta leiðir af því að í slíkum málum eru t.d. oft litlar eða engar beygingarendingar á sögnum eða nafnorðum, t.d. í kóresku eins og dæmið hér að neðan sýnir. Þær upplýsingar sem koma fram í formi beygingarendinga í málum eins og íslensku eru í raun ekki hluti af setningagerðinni í slíkum málum, heldur eru þær upplýsingar túlkaðar út frá heildarsamhengi umræðunnar. Einnig ber að geta þess að í slíkum málum eru alls konar núllliðir, til að mynda núlllandlög, leyfilegir (Biberauer 2010).

- (18) cham cal ttwuinta. [kóreska; Kim 2009]
mjög hratt hlaupa.3p.et.nt
'Hann/Hún/Það hleypur mjög hratt'

2 Núllfrumlög í íslensku

Stungið hefur verið upp á því að flokka nútímaíslensku sem „hálfgildings fornafnafellimál, (e. partial null-subject language) (Eiríkur Rögnvaldsson 2006). Í fornu máli voru núllliðir leyfilegir jafnvel án mállegs undanfara og voru þeir algengir í flestöllum setningagerðum. Skilyrði fyrir notkun núllliða af öllu tagi voru því mun frjálsari á eldri málstigum. Hér á undan verður fyrst fjallað um dreifingu og hegðun núllfrumlaga í nútímamáli en þá skal litið á eldri íslensku í kafla 2.2.

2.1 Núllfrumlög í nútímamáli

(19)

- a. Snjóaði á Akureyri í dag?
- b. Í háskólanum er góður starfsandi.
- c. Hér má ekki reykja.
- d. Ég vaknaði og __ hljóp af stað.
- e. I Stockholm dansades *(det) hela natten.
Í Stokkhólmi var (*það) dansað alla nóttina

Í nútímaíslensku er hægt að mynda setningar sem virðast vera frumlagslausar. Í fyrsta lagi má hér nefna veðurfarssagnir. Þetta eru, eins og nafnið gefur til kynna, sagnir eins og *snjó* eða *rigna*, sbr. (19a.). Í öðru lagi er hægt að beita færslum þar sem annar liður kemur í stað gervifrumlagsins *það*, sbr. (19b.) er forsetningarliðurinn *í háskólanum* færirst í fyrsta sæti setningar en hér gildir sú regla að gervifrumlagið svokallaða getur einungis staðið fremst í setningu (Höskuldur Þráinsson 2007). Þá má einnig nefna ópersónulegar setningar sbr. (19c.) og tengdar aðalsetningar (19d). Þykir þetta einkum athyglisvert í málsögulegu ljósi úr því að ekki er hægt að mynda frumlagslausar setningar af neinu tagi í hinum norðurlandamálunum, sbr. (19e.).

(20)

- a. Fór til útlanda. Skemmti mér konunglega.

b. Hvenær sástu hann seinast?

__ hef reyndar ekki séð hann í mörg ár.

(sbr. *Reyndar hef ekki séð hann í mörg ár)

Vafalaust er hægt að sleppa frumlagi persónuháttarsetninga í hversdagslegu talmáli. Að vísu gengur illa að skrifa (20a.) eitt og sér við hefðbundnar ritmálsaðstæður en á hinn boginn virðist óumdeilanlegt að hugsa sér að samtal eins og (20b.) gæti átt sér stað.

Einnig er hægt að finna setningar á borð við (20a.) í svokölluðum dagbókar- eða símskeytastíl¹⁰. Þá er ljóst út frá samhengi hver skrifar og óþarft þykir að taka það fram með persónufornöfnum. Í því samhengi þætti (20a.) til að mynda fullkomlega eðlilegt.

Boðháttarsetningar eru oft nefndar til sögunnar í þessu sambandi enda er persónufornafni gjarnan sleppt í 2p.ft. (sbr. 21a) og í raun nauðsynlegt að sleppa því í 1p.ft (21b).

(21)

a. Farið þið/__ þangað.

b. Förum __/*við þangað

Höskuldur Þráinsson (2007) nefnir einnig að oft sé hægt að sleppa persónufornafni þegar verið er að láta í ljós undrun (22a), í sviðsleiðbeiningum (22b) eða dagblaðsfyrirsögnum (22c).

(22)

a. __ situr bara og drekkur bjór!

b. __ fer út til hægri.

c. __ stálu bíl og stungu af.

¹⁰ Þó svo að símskeyti séu lengi horfin úr sögunni er nú kominn til nýr vettvangur þar sem frumlagslausar setningar eru sér í lagi áberandi. Hér á ég við vefinn *fésbók* eins og hún hefur verið kölluð á íslensku, en Atli Týr Ægisson (2012: 33) bendir á það í BA-ritgerð sinni að fornöfnum sé gjarnan sleppt er menn skrifa sjálfsfrásagnir á þeirri síðu, sbr. (2a).

Í íslensku nútímamáli er þess krafist að núllfrumlög séu sammörkuð við mállegan undanfara og einnig að sá undanfari gegni sama málfræðilegu hlutverki, t.d. frumlag, sbr. (19d.) hér að ofan. Þetta gildir einnig óháð falli frumlaga (23).

(23) Við vorum svangir og __ vantaði peninga.

Eins og komið verður að í næsta undirkafla er sú ekki raunin í eldri íslensku og því eru forníslensk dæmi svipuð þeim hér að neðan fullkomlega tæk.

(24)

- a. *Þær mættu Jóni og hló __i að þeim.
- b. *Jóni segir að __i hafi lesið þessa bók.

2.2 Núllfrumlög í eldri íslensku

Það er þekkt staðreynd að í eldri íslensku er að finna ýmsar gerðir núllfrumlaga sem eiga sér ekki hliðstæðu í nútímamáli. Vísandi núllliðir voru t.d. tækir í málinu fram á 19. öld en þeir eru taldir með öllu horfnir í nútímamáli. Athugum nú (25) en Halldór Ármann Sigurðsson (2011) segir þetta vera yngsta dæmi um vísandi núlllið sem hann hefur fundið (frá u.þ.b 1940).

(25)

Ætlun skipstjóra; var að sigla fram á 230 faðma dýpi, en __i hætti við það, þarna var legið í tvo sólarhringa, en __ saum ekkert skip.

Núllliðurinn í seinni hliðskipuðu setningunni vísar til eignarfallseinkunninar *skipstjóra*, sbr. dæmin (25) hér að ofan. Annar núllliðurinn í dæminu á sér engan undanfara en þess í stað er ljóst út frá sagnmyndinni að hér ætti að standa *við*.

Nygaard (1905: 8) fjallar um frumlagseyður, þ.e. *Udeladelse af subjekt* í riti sínu um setningagerð fornmáls *Norrøn Syntax*. Þar er að finna gott yfirlit yfir ýmiss konar frumlagnúllliði. Eina þá víðamestu rannsókn um þetta fyrirbæri gerði Þóra Björk Hjartardóttir (1993), en hér á eftir verður einnig stuðst við flokkun hennar á helstu gerðum núllliða í eldri íslensku.

Nygaard (1905) byrjar umfjöllun sína á því að fjalla um boðháttarsetningar, sbr.

(26a). Ekki þykir ástæða til að fjalla nánar um þær hér enda gildir hið sama um nútímamálið. Í öðru lagi segir hann að fornöfnum í 1. eða 2. persónu séu oft sleppt að því gefnu að frumlag hinnar síðari hliðskipaðrar setningar vísar aftur til frumlagsins hinnar fyrstu¹¹. Þetta er eins og áður segir enn tækt í nútímamáli (sbr. 24b.) en þó virðist sem að skilyrðin fyrir núlliði séu rýmri í fornu máli hvað þetta varðar, sbr. (24c.)

(26)

- a. gakk ___ ok bið hann bíða úti
- b. vér svoruðum skjótt ok ___ synjuðum honum ráðsins
- c. er ek þó eigi þessa búinn, nema fleiri bindist í; ___ vil, at þú finnr Bjarna

Þá segir að frumlögum í 3. persónu er oft sleppt í þeirri seinni af tveim hliðskipuðum setningum, sbr. (22a), alveg eins og í nútímamáli. Í fornmáli var hins vegar hægt að hafa núllfrumlag í 3. persónu fleirtölu sem vísar til undanfara í eintölu sem áður hefur verið nefndur, auk annarra aðila (t.d. aðilar sem kynntir voru frammar í textanum), en þá er aðeins ljóst út frá samhenginu hver undanfarinn nákvæmlega er (sbr. *váru* í 25b og *áttu* í 27c).

(27)

- a. Skarphéðinn kom fótum undir sik og réð þegar til í annat sinn ok ___ rennr upp vegginn
- b. fekk Ásbjörn byrleiði gott og lagði at um kveldit í Karmstundi við Ögvaldsnes ok váru ___ þar um nóttina
- c. stóð þar húsfreyja í dyrum ok bað hann þar ekki inn koma; ___ sögðu at þau áttu álfablót

Hægt er að sleppa frumlagi er vísað er til andlags hinnar fyrri af tveim hliðskipuðum setningum, þó einungis þegar ljóst er út frá samhenginu um hvað er verið að ræða, t.d. í (28) er það *brúin* (Nygaard 1905).

(28) er þér eigi sagt þat, at guðin gerðu brú til himins af jörðu, ok heitir ___
Bifröst?

¹¹ Nygaard (1905) segir að frumlögum megi sleppa í 1. og 2. persónu: „hvor det kan underforstaaes fra et nærliggende sideordnet udsagn, hvori det forekommer som subjekt“

Fjallar Nygaard (1905) einnig um setningar þar sem frumlaginu er sleppt þótt undanfari þess komi ekki beinlínis fram og þurfi þar af leiðandi að túlka út frá samhengi. Í (29) er t.d. átt við bæði *borðbúnaðrinn* og *dúkarnir*.

(29) Þá var tekinn borðbúnaðrinn ok dúkarnir, ok ___ borit á braut

Hér á eftir fylgir nánari umfjöllun, en stuðst verður við ritgerð Þóru Bjarkar Hjartardóttur (1993). Eru dæmin hér að neðan öll fengin frá henni nema annað sé tekið fram. Hún skiptir núlliðum í fornu máli í þrjá meginflokka:

- i. Núllfrumlög með frumlag sem undanfara.
- ii. Núllfrumlög með undanfara annan en frumlag
- iii. Núllfrumlög án undanfara.

2.2.1 Núllfrumlög með frumlag sem undanfara

Líkt og í nútímamáli eru til dæmi í eldri íslensku um núllfrumlög sem hafa samvísandi undanfara í sömu setningafræðilegri stöðu. Hins vegar var algengt í fornu máli að fleiri setningar gætu staðið á milli núllfrumlags og undanfara þess og því geta setningar af því tagi reynst nútímamönnum erfitt að greina við fyrstu sýn.

(30)

- a. Skalla-Grímurj ruddi framstafninn og ___j drap Sigtrygg.
- b. Veitti hannj Knúti konungi orðafullting allt það er hann kunni en ___j var hinn mesti óvinur Ólafs konungs.

2.2.2 Núllfrumlög með undanfara annan en frumlag

Núllfrumlög koma fyrir óháð setningafræðilegri stöðu undanfara sinna. Undanfari gat verið andlag, eignarfallseinkunn, eða forsetningarandlag; bæði í aðal- eða aukasetningum. Slíkt er að vísu ótækt í nútímamáli. Þónokkur dæmi fundust í leit Þóru (1993) að núllfrumlögum í fallsetningum en í öllum þeim tilvikum var um að ræða núlliði með andlag sem undanfara.

(31)

- a. heyrða ek þat mæla alla alþýðu, at ____; gjarna vildi þjóna hans syni.
- b. þá hljóp Egill að Grími og rak exina; í höfuð honum svo að þegar stóð ____; í heila
- c. og greiðist vel þeirra; ferð og komu ____; við Grikkland

Í (31c.) vísar núlliðurinn til eignarfallseinkunninar *þeirra* en ef skoðað er dæmi úr nútímamáli er ljóst að slíkt gengur ekki lengur í málinu.

(32) (Þóra Björk 1993: 109)

Bíllinn þeirra; gengur enn og ____; ætla ekki að fá sér nýjan.

Þóra (1993) nefnir að núllfrumlög og undanfara þeirra eru ekki „bundin af því að vera ‘eins’”, þ.e. undanfari getur vel verið í nefnifalli þótt núlliðurinn sem vísar til þess standi með ópersónulegri sögn, eða öfugt. Það sama gildir um mynd setninga, en núlliður getur staðið t.d. í germýndarsetningu og undanfari þess í annarri setningarmynd. Einnig geta núllfrumlög vísað til fleiri en eins liðar innan nafnliðar (sbr. 25b og c). Dæmi fundust um núllfrumlög í öllum persónum. Þó er langalgengast að þau standi í 3p. sem að öllum líkindum megi rekja til þess að gagnasafn Þóru samanstendur mestmegnis af frásagnartextum. Í textum af þeirri tegund má búast við því að flestar sagnir séu í þriðju. persónu. Þóra Björk (1993: 86) kemst að eftirfarandi niðurstöðu um þær gerðir núllfrumlaga sem um ræðir hér að ofan:

Núlliðir fyrir frumlög eru alltaf leyfilegir ef þeir eiga sér samvísandi undanfara og skiptir þá setningaleg staða hans ekki máli.

2.2.3 Núllfrumlög án undanfara

Ólíkt nútímamáli er að finna ýmis dæmi um núllfrumlög í fornu máli án nokkurs samvísandi undanfara. Núllfrumlög af þessari gerð á að túlka út frá textasamhengi. Annars vegar má finna dæmi þar sem engan undanfara er að finna í textanum (þ.e. ekki er vísað til eins ákveðins nafnliðar) og hins vegar eru dæmi þar sem núllfrumlagið vísar ekki beinlínis til eins undanfara, heldur fleiri en eins nafnliðar; því er lítið svo á að ekki

sé um neinn undanfara að ræða í þeim tilvikum.

(33)

a. Hann reri einn dag á sjó með hásetum sí[n]um og sátu ___ lengi um daginn.

b. Eitthvert sinn þá er Ólafur konungur hafði stefnu við lið sitt og við bændur og réðu ___ landráðum.

Hér er frumlag undanfarandi setningarinnar í eintölu (*hann*), en ljóst er að núllfrumlag seinni setningarinnar vísar til liðar í fleirtölu (*hásetum sínum*). Í dæmi (33b.) vísar núlliðurinn aftur til 3p.ft. sem túlka má út frá sagnmyndinni *réðu* en enginn fleirtöluliður kemur fyrir áður í textanum. Eina túlkunin sem er möguleg í þessu tilfalli er sú að vísað er til orðanna *Ólafur*, *lið sitt* og *bændur*. Ljóst er að túlkun þess konar setninga er annars vegar bundin samræmi sagnar og hins vegar samhengi textans. Athyglisvert er að geta þess að núllandlög eru frábrugðin núllfrumlögum að því leyti að þau eru ekki leyfileg án samvísandi undanfara. Þó verður ekki rætt nánar um þau hér.

3 Rannsóknarsaga

3.1 Meginniðurstöður Þóru Bjarkar (1993)

- Núllfrumlög voru algeng í aðal- og aukasetningum en fátíð í fallsetningum.
- Núllliðir voru tækir óháð setningafræðilega hlutverki undanfara þeirra.
- Þeir voru tækir án undanfara í textanum sem bendir sterklega til að reglur um textasamhengi séu með öðru móti í nútímamáli.
- Núllliða án undanfara gætir jafnvel í 18. aldar textum og aðrir núllliðir lifðu fram undir 1900, þó einungis sem stílafríðir.

Þóra (1993) dregur í efa kenningu Chomsky (1981) og Rizzi (1982) á grundvelli staðreynda úr fornu máli. Eins og fyrr segir er eitt aðalskilyrði fyrir leyfisveitingu núllliða það að þeim þarf að vera stjórnað af beygingarsamræmisþáttum AGR. Gengið er út frá því að beygingarþættir sagna eru hluti af beygingarliðnum og því er venjulega gert ráð fyrir að *pro* sé bundið við frumlagssæti setninga.

Samkvæmt Þóru má setja fram þá reglu um vísandi núllliði í eldri íslensku að þeir voru mögulegir svo framarlega sem undanfari er til staðar í textanum, en í þeim tilfellum þar sem enginn beinn mállegur undanfari er tiltækur þá eru þeir endurheimtanlegir að hluta til vegna ríkulegrar sagnbeygingar (þ.e. samræmisþáttarins AGR). Með þessu er einnig hægt að skýra hvers vegna núllliðir án undanfara hafa aðeins verið mögulegir í aðalsetningum.¹²

¹² Tengist þetta hluta af kenningu Rizzi (1986), en hann telur að núllliðum þarf að vera stjórnað (e. governed) af beygingarliðum AGR.

3.2 Greining Halldórs Ármanns Sigurðssonar (1993)

Í grein sinni *Argument Drop in Old Icelandic* færir Halldór Ármann Sigurðsson (1993) rök fyrir nýrri greiningu á núlliðum í fornu máli. Í fyrsta lagi telur hann tilgátu Þóru um að samræmisþáttur hafi gegnt einhverju hlutverki í því að endurheimta núlliði ekki standast nánari skoðun. Þetta skýrir hann m.a. með því að benda til þess að sagnbeygingakerfi íslensku hefur lítið breyst frá því í eldra máli. Núlliði er að finna samhliða aukafallssögnum sem bendir ótvírætt til þess að sagnasamræmi hafi ekki gegnt meginhlutverki er varðar túlkun núlliða.

Í þessu sambandi vitnar hann til Huang (1984) og stingur upp á því að hægt sé að greina suma núlliði sem *kjarnabrottfall* (e. topic drop). Ekki þykir þó ástæða til að fara út í formleg atriði hvað varðar þessa greiningu en mikilvægt er þó að geta þess að gert er ráð fyrir að *breyta* (e. variable) standi í ákvæðisliðarsæti tengiliðar (e. Spec,CP). Því getur enginn annar liður verið í því sæti.

Með þessari greiningu er væntanlega átt við að frumlagssætið sé endurtúlkað sem kjarnastaða, þ.e. í samanburði við öll önnur sæti þar sem frumlag er leyfilegt. Samkvæmt Halldóri ber þá að ganga út frá því að ef núlliður birtist í þessari kjarnastöðu, þ.e. í aðalsetningum með sögn í fyrsta sæti, er um kjarnabrottfall að ræða. Núlliði í öllum öðrum setningaplássum ber hins vegar að greina sem *alvöru fornafnafellingu* (e. genuine pro-drop). Hann notar eftirfarandi dæmi þessu til útskýringar en ástæða þess að (34d.) er ótækt er sú að orðið *núna* stendur í ákv.TL.

(34)

- a. (Ég) þekki það ekki.
- b. (Það) þekki ég ekki.
- c. Það þekki *(ég) ekki.
- d. Núna þekki (ég) það ekki.

Kjarnabrottfall er í þessum skilningi óneitnlega enn tækt í nútímamáli (þó strangari skilyrðum háð) eins og fyrr segir, en alvöru fornafnafelling er horfin úr málinu, þ.e. bæði núllfrumlög og núllandlög. Erfitt er að tímasetja nákvæmlega hvenær þetta gerðist í málsögunni en traustar heimildir eru fyrir því að það hafi ekki horfið fyrr en framundir 19. öld.

Að baki þessari greiningu liggja þau rök að núllliðir í forníslensku séu í eðli sínu frábrugðnir slíkum liðum í hinum hefðbundnu fornafnafellimálum. Í fyrsta lagi er í fornu máli ekki tækt að hefja umræðu á núlllið, ólíkt t.d. ítölsku. Halldór segir:

„We are thus dealing with a 'separate' category of argument deletion in OI: it does not follow the typical parametric hypothesis“

Það að kjarnabrottfall hafi valdið á flestum núllliðum er einnig í samræmi við þá greiningu margra fræðimanna að forníslenska hafi verið umræðuefnismál í meira mæli en nútímamál, sjá. m.a. Rosén (1998).

3.3 Greining Kinn, Rusten, Walkden (2014)

Kinn, Rusten og Walkden (2014) hafa skoðað núllliði í sögulega íslenska trjábankanum, IcePaHC. Með honum er auðveldara en ella að leita að ákveðnum setningafræðilegum fyrirbærum og auk þess að komast að tölfræðilegum niðurstöðum um dreifingu þeirra. Kinn, et. al (2014) benda á að núllliðir hafi verið mun algengari í forníslensku miðað við skyld mál, en slíkar rannsóknir hafa einnig verið gerðar á fornensku, fornháþýsku, o.fl.

Þá er einnig fjallað um hvort hægt sé að endurskoða greiningu Halldórs (1993) út frá stærri dæmabanka. Þeirri spurningu er velt upp hvort greina megi alla núllliði í fornu máli á svipaðan hátt eða hvort nauðsynlegt sé að gera ráð fyrir tvenns konar núllliðum, þ.e. kjarnabrottfalli og alvöru fornafnafellingu. Eins og fyrr segir, gengur Halldór (1993) út frá því að setningar með sögnina í fyrsta sæti beri að greina sem *kjarnabrottfall*. Hins vegar telja Kinn, o.fl (2014) að þetta gangi ekki alveg upp. Dæmi fundust um núllliði án mállegs undanfara í aðalsetningum þar sem sögnin er ekki í fyrsta sæti, sbr. (35).

(35)

- a. Og í því kom Finnbogi að og leggur til Jökuls svo að þegar stóð ___ í beini.
- b. En þá Jesús hafði edik ið til sín tekið, sagði hann: Fullkomnað er ___
- c. Kaðlín mælti: Kallaður er ___ hér Óblauðshaugur

Í ofangreindum dæmum er í raun ekki verið að vísa til neins ákveðins nafnliðar heldur til einhvers sem lesandi getur túlkað einungis út frá heildarsamhengi textans. Í (35a.) er átt við vopn Finnboga, en það er ekki nefnt í undangenginni umræðu.

Mér þykir þessi dæmi bera þó vott um stílafbrigði. Þóra Björk (1993: 55) fjallar um tiltekna sagnir sem standa oft samhliða frumlagseyðum í atvikssetningum, t.a.m. *svá (at)*, sbr. dæmi (36a). Í þessu sambandi segir hún að „nánast sé um að ræða föst orðasambönd”. Sum stílafbrigði lifa enn í nútímamáli en Halldór Ármann (1993) bendir á dæmi (36b)¹³.

(36)

- a. Scecit_i var svá sítt, at ____i lá í knjám honum.
- b. Hann_i getur þetta ekki, þótt ____i duglegur sé.

Engu að síður vilja Kinn, o.fl. (2014) meina að dæmi sem þessi styðja það að ekki sé nauðsynlegt að gera greinarmun á kjarnabrottfalli og alvöru fornafnafellingu í eldra máli. Með þessu færa þeir rök á móti greiningu Halldórs um að núlliðir án undanfara hefðu einungis verið tækir í aðalsetningum með sögn í fyrsta sæti.

Leit þeirra (Kinn, o.fl. 2014) í sögulega íslenska trjábankanum leiðir einnig í ljós að hvarf alvöru fornafnafellingarinnar í íslensku hafi verið hægfare. Núllfrumlög í aukasetningum hafi farið minnkandi frá því á eldri málstigum, en hér er gengið út frá því að kjarnabrottfall er ekki tækt í aukasetningum úr því að þá situr yfirborðsliður í ákv.TL. Hér að neðan má líta á niðurstöður Kinn, o.fl. úr IcePaHC, en greint er á milli hlutfallslegrar tíðni núllfrumlaga í ferns konar setningagerðum á fjórum mismunandi málstigum.

¹³ (36b.) er tekið úr ritgerð Þóru Bjarkar (1993)

Málstig	Aðalsetningar með sögn í 1. sæti	Aðalsetningar með sögn sem er ekki í 1.sæti	Tengdar aðalsetningar með sögn í 1. sæti	Tengdar aðalsetningar með sögn sem er ekki í 1.sæti	Aukasetningar
1150-1400	4.6%	1.1%	14.9%	1.1%	5.0%
1450-1680	5.8%	0.8%	24.9%	0.9%	3.5%
1720-1888	5.1%	0.3%	12.0%	0.6%	3.8%
1902-2008	20.2%	0.4%	35.4%	0.3%	1.8%

3.4 Samanburður við skyld mál

Rosenkvist (2009) fjallar nokkuð ítarlega um vísandi núllfrumlög í gömlu germönsku málunum. Bendir hann á tíðni sem helstu rök fyrir því að núllfrumlög í þeim málum séu frábrugðin hinum hefðbundnu fornafnafellimálum. Í forníslensku og náskyldum málum eru vísandi núllfrumlög tiltölulega fátíð en t.d. í ítölsku eru þau hið ómarkaða val og bera þar að auki nokkurs konar áherslu eða andstæðumerkingu¹⁴.

Þorbjörg Hróarsdóttir (1996:130) kannaði tíðni þeirra í íslensku í textasafni frá miðri 18. öld. Í þeirri rannsókn fundust aðeins 13 dæmi um núllfrumlög, sem verður að teljast frekar fátítt miðað við það að skoðuð voru hátt í 30 bréf og aðrir textar. Í hefðbundnum fornafnafellimálum mætti búast við að núllfrumlög séu algengari en sögð frumlög. Rannsóknir á öðrum eldri germönskum málum bendir til að þau hafi verið tiltölulega fátíð, nema í 3p. í sumum málum. Varla hefðu sögð frumlög getað haft eðlislæga áherslumerkingu ef þau voru svo algeng. Eldri íslenska er einnig frábrugðin hinum hefðbundnu fornafnafellimálum að því leyti að í henni hafa núllfrumlög ekki

¹⁴ Þetta mætti svo gagnrýna á þeim forsendum að í málkunnáttufræði ætti tíðni ekki að skipta máli; heldur skiptir máli að finna út hvað er tækt (eða ekki) í málfræðinni.

andstæðu- eða áherslumerkingu. Af þessu stafar að í málum eins og ítölsku má frumlag í aukasetningu ekki hafa sömu tilvísun og frumlag aðalsetningu, sbr. (33) (HP 2007: 475).

(37)

[portúgalska]

a. José sabe que ___ viu Maria.

b. *Jón veit að ___ sá Maríu

Það leikur því enginn vafi á því að grundvallarmunur sé á eðli núllfrumlaga í forníslensku hins vegar og annars vegar í málum eins og ítölsku.

Í öllum gömlu germönsku málunum er ríkuleg sagnbeyging ekki forsenda fyrir tilvist núllfrumlaga. Eins og fyrr segir hefur Halldór Ármann Sigurðsson (1993) bent á að endurheimtun núllfrumlaga er háð undanfara í undanfarandi texta- eða umræðusamhengi. Håkansson (2008) kemur að svipaðri niðurstöðu hvað fornsænsku varðar. Dreifing núlliða er einnig með svipuðu móti í þessum málum, en þeir eru tíðastir í 3.persónu. Mögulegt er þó að þetta stafi af því að langflestir textar frá eldri málstigum germanskra mála eru frásagnartextar.

Sú kenning hefur einnig verið sett fram að sagnfærsla í tengipláss (e. V-to-C) sé forsenda þess að endurheimtun núllfrumlaga sé mögulegt. Í norðurlandamálunum virðist vera skýrt sögulegt samhengi milli fornafnafellifæríbreytunnar og annarra færíbreytna, svo sem sagnasamræmis, sagnfærslu og orðaraðar. Meðal norður-germanskra mála er íslenska eina málið sem varðveitt hefur þessa sagnfærslu, en er hún einnig eina nútímamálið þar sem núllfrumlög hafa varðveist með einhverju móti. Auk þess varðveittist OV-orðaröð mun lengur í sögu íslenskunnar, eða þangað til um 1800, en í hinum málunum, þar sem síðustu ummerki OV-orðaraðar má rekja aftur til tímabilsins milli 1500-1600 (Rosenkvist 2009).

3.5 Textavísandi mál

Þóra Björk Hjartardóttir (1987) leggur til að líta megi á hegðun núlliða í fornu máli sem sambærilega núlliði í málum þar sem atriði er varða samhengi umræðu eða texta skipta höfuðmáli fyrir túlkun tómrá liða. Í fornu máli skipti textasamhengið vissulega veigamiklu máli er túlkun núllfrumlaga er annars vergar. Ein meginforsenda þess að

núlliðir séu leyfðir er sú að viðmælandinn eða lesandinn viti um hvern eða hvað er verið að ræða. Núlliðurinn þarf að hafa undanfara sem fyrir kemur í undangenginni umræðu. Þóra (1993: 84) segir núlliði sem ekki hafa beinan mállegan undanfara þurfa þess í stað að túlka út frá textasamhenginu einu saman. Þá verður sagnasamræmi einnig að vera til staðar svo hægt sé að túlka t.d. kyn og tölu undanfarans.

Oft hefur því verið haldið fram að íslenska hafi verið meira textavísandi á eldri málstigum. Hníga sterk rök að þessu, m.a. þau að í fornu máli var orðaröðin án efa með miklu frjálsara móti en tíðkast nú. Frjáls orðaröð bendir einmitt til þess að munur milli mismunandi orðaraða hafi að mestu leyti ráðist af pragmatískum eða merkingarfræðilegum ástæðum. Í vissum tilvikum getur í raun verið „ákveðin togstreita,, milli hinnar hlutlausu orðaraðar og pragmatískra þátta (ÍT3: 506)

Bent var á hér að framan á að *gefnar* upplýsingar virðast gegna lykilhlutverki svo að núlliði sé hægt að túlka í því máli. Nú skal litið aðeins á *upplýsingaform* (e. information structure) til þess að átta okkur betur á hvernig á þessu getur staðið. Upplýsingaform felur í sér þær „væntingar sem mælandi gerir til þekkingar og meðvitundar viðmælandans síns um leið og hann segir eitthvað,, (Lambrecht 1994: 13)¹⁵. Oft er talað um gamlar upplýsingar í þessu sambandi.

Misjafnt er á milli tungumála hvernig munurinn á gefnum og ógefnum upplýsingum kemur fram. Til dæmis er sambandið milli gefinna upplýsinga annars vegar og ákveðinna nafnliða óneitanlegt, það er óhæpið að segja að ekki er hægt að nota ákveðinn greini ef um nýjar upplýsingar er að ræða.

Eins og fyrr segir er í íslensku hægt að færa liði af ýmsu tagi í kjarnastöðu, þ.e. fyrsta sæti setningar. Eiríkur Rögnvaldsson (1990) segir hlutverk kjarnafærslu þar að auki oft vera að „tengja setninguna fastari böndum við undanfarandi texta,, Þessu til stuðnings notar hann eftirfarandi dæmasetningu:

(38) **Þessum hring** lofaði Ólafur Maríu.

Ofangreind setning þætti e.t.v. eðilegust ef mælandinn væri að benda á hringinn sem um ræðir. En einnig er hugsanlegt að setningin sé framhald af umræðu þar sem hringurinn

¹⁵ Þýðing höfundar: „the speaker’s assumptions about the hearer’s state of knowledge and consciousness at the time of an utterance”

hefur áður verið til umfjöllunar. Sést þetta t.d. í dæmi (35) sem er úr kvikmyndadómi á netinu, en ljóst er út frá samgengi um hvaða mynd er verið að ræða.

(39) **Þessa mynd** horfði ég margoft á þegar ég var yngri.

Nú skal litið á dæmi úr eldri íslensku til þess að átta okkur betur á því sambandi sem er á milli núllliða og gefinna upplýsinga.

Nú spyr Gunnar lát Höskuldar mágs síns. Fám nóttum síðar varð léttari Þorgerður að Grjóta, dóttir Hallgerðar en kona Þráins, og kom þar til sveinbarn. Sendi hún þá mann til móður sinnar og bað hana ráða fyrir hvort ___ heita skyldi eftir Glúmi föður hennar eða eftir Höskuldi móðurföður hennar. Hún bað að ___ Höskuldur skyldi heita. Var þá það nafn gefið sveininum. (Njála 194) (Haugan 2001: 445)

Hér er ljóst að *sveinbarn* er aðalumræðuefnið en erfitt er að greina nákvæmlega hvort verið er að vísa til nákvæmlega þess nafnliðar, því í lok málsgreinar kemur karlkynsorðið *sveininn* fram. Því mætti segja að vísað er til kjarna umræðunnar en ekki aðeins til eins mállegs undanfara.

Að þrem nóttum liðnum sáu þeir tjald af lérefti. Þeir kenndu að það var tjald Þóreyjar. Fundu ___ þar brytja Þorgils og spyrja ___ með hverju faraldi hann þar hafði komið. Hann sagði þá kostaboð þeirra Snækolls við sig ef hann vildi eigi fara að þeir mundu drepa hann „Snækollur stakk mjóvu jární á Þóreyju.,, Þorgils svarar: „Eigi veit eg hvers þú ert af verður. En ósannleg þykir mér þín sögn og skaltu ekki lifa lengi.,, Þar var hann drepinn og grófu ___ hann þar, fara ___ síðan í burt. (Flóam 771/772) (Haugan 2001: 445)

Um dæmi af þessu tagi segir Þóra Björk (1993) að algengt sé að núllliður komi fram þegar fornafn er endurtekið fleiri sinnum. Þar að auki kemur sagnbeyging hér til hjálpar því sagnmyndirnar *fundu* og *grófu* geta einungis verið í 3p.ft.

4 Hvernig urðu vísandi núllfrumlög ótæk í íslensku?

Eiríkur Rögnvaldsson (1994) telur mögulegt að samband sé milli hvarf flestra gerða núlliða, hvarfs OV-orðaraðar, birtingar gervifrumlagsins það, og hningnunar stílfærslu. Áhugavert er að skoða samband breytinga þessara í ljósi kenninga um endurstillingu færíbreytna (e. parametric change). Lightfoot (1999) lýsir endurstillingu færíbreytna sem „skyndilegri” og „stórslysalegri” í eðli sínu. Þetta leiðir af því að hver færíbreyta inniheldur mengi ýmissa setningafræðilegra einkenna.

Núllfrumlög hafa horfið úr fleiri málum en íslensku. Til að mynda er nokkuð ljóst að þau hafa verið tæk á eldri málstigum allra germanskra mála, en þrátt fyrir skort á heimildum um þau elstu virðist óhætt að fullyrða að þau hafi verið til staðar í forngermönsku. Með tilliti til þess hefur staða núlliða verið skoðuð t.d. í fornensku og fornþápsku í nokkrum nýlegum rannsóknum (sjá van Gelderen 2013, Walkden 2011)¹⁶. Annað dæmi um tungumál þar sem skilyrði fyrir notkun núlliða hefur breyst er brasilísk portúgalska. Talið er að sagnabeygingakerfi málsins sé nokkuð einfaldað í samanburði við evrópsku portúgölsku. Þetta vekur óneitanlega upp þá spurningu hvernig á því getur staðið að svonefndir vísandi núlliðir (sbr. 2.2 hér að framan) hafi horfið úr íslensku þrátt fyrir það að sagnabeygingar málsins hafa haldist að mestu óbreytt síðan á eldri málstigum.

4.1 Um málbreytingar


Hvernig eiga málbreytingar sér stað? Hver er drifkrafturinn þeim að baki? Margt hefur áunnist undanfarin ár í rannsóknum þar sem kenningar um málbreytingar, máltöku og málbreytileika hafa verið sameinaðar til þess að gefa heildstæðari mynd af því hver upptök og framvinda málbreytinga séu. Lightfoot (1999) hefur rannsakað breytingar færíbreytna (e. parametric change) og telur sig geta skýrt frá breytingum á setningagerð á grundvelli endurtúlkunar í máltöku.

Segja má að órjúfanleg tengsl séu á milli málbreytinga og máltöku barna í

¹⁶ Einnig er vert að minnast á að elstu textarnir á þessum málum eru talsvert eldri en þeir elstu sem fást á forníslensku. Til dæmis hefur fornenska tímabilið að geyma handrit frá því á 6. öld en elstu handritabrot sem hafa að geyma forníslenskir frásagnartextar eru hins vegar frá því á öndverðu 13. öld.

viðum skilningi. Þetta helgist af því að börn þurfa sjálf að túlka það mállega ílag sem þau heyra í kringum sig á máltökuskeiði. Börn fá nokkuð mismunandi upplýsingar um móðurmál sitt, t.d. vegna þeirra aðstæðna sem þau alast upp við, en þrátt fyrir þá staðreynd verður málkerfið sem byggt er upp í raun sambærilegt hjá öllum sem sama móðurmálið tala.

Þegar litið er á málbreytingar í þessu sambandi þarf að gera skýran mun á tvenns konar málbreytingum. Í fyrsta lagi eru málbreytingar í einhverjum skilningi þær nýjungar sem ná útbreiðslu innan tiltekins málsamfélags. Þessar breytingar taka greinilega sinn tíma til að skapa sér sess í málinu. Í öðru lagi má líta á málbreytingar einungis út frá sjónarhorni einstaklingsins. Viðfangsefni málkunnáttufræði er sjálf málkunnáttan. Þess vegna ber að greina á milli *ytra* og *innra* máls. Ytra mál er málnotkun eða málbeiting en innra mál er það sem býr í heila málhafans. Hér skiptir höfuðmáli að börn sem fara í gegnum máltöku þurfa að mynda innra mál sitt úr því ytra máli sem þau hafa aðgang að (Margrét Guðmundsdóttir 2008, sbr. eftirfarandi skýringarmynd úr sama riti).



[Mynd 1: Endurtúlkun, Margrét Guðmundsdóttir 2008]

Hugsanlegt er að færíbreyta geti verið öðruvísi stillt hjá tilteknum málhöfum (Margrét Guðmundsdóttir 2008: 31). Einn málhafi hefur síðan áhrif á næstu kynslóð úr því að málkerfi hans endurspeglar þessari nýju færíbreytustillingu og eykur síðan líkurnar á því að fleiri börn stilli þá færíbreytu þannig. Málkunnátta þess málhafa verður þannig frábrugðin málkunnáttu annarra í sömu málsamfélagi. Þannig heldur þetta áfram koll af kalli þar til keðjuverkun er komin af stað (Lightfoot 1999: 101)

Mætti þá spyrja hvernig á því getur staðið að málkerfi einstaklinga sé með nokkuð öðru móti innan sama málsamfélags. Hindrar þetta skilning? Lightfoot (1999)

færir rök fyrir því að þetta þurfi ekki að hafa nein áhrif á gagnkvæman skilning milli kynslóða. Í fyrsta lagi er ljóst að málkerfi nýju kynslóðar beri að vera í miklu samræmi við málkerfi hinnar eldri. Það eina sem aðskilur kynslóðunum tveimur er að hin nýja er fær um að segja setningar sem ótækar voru skv. eldra kerfinu.

Á meðan málbreytingar breiðast út í gegnum samfélagið er rökrétt að gera ráð fyrir því að tvímyndir séu einnig til staðar. Í þessu sambandi er vert að minnst á tilgátuna um *samtímalega samkeppni* (e. competing grammars) (Kroch 2008). Í þessu felst að málhafar geta búið yfir tvenns konar innra máli. Þetta nefnir Lightfoot (1999) *innri díglossíu* (e. internal diglossia). Þetta er eðlileg afleiðing þess að á meðan á máltökunni stendur geta börn greint það mál sem þau heyra á tvo mismunandi vegu. Kroch (2008) segir málhafa annað hvort tileinka sér nýjunguna í máltöku eða ekki en seinna á lífsleiðinni er möguleiki á því að þeir taki hana upp. Tvímyndir hafa tilhneigingu til að hverfa vegna svonefndra *hömluáhrifa* (e. blocking effects) nema þær fari að gegna mismunandi hlutverkum í málinu, til að mynda af félagslegum aðstæðum (t.d. stílbundinn munur) (Kroch 2008). Lightfoot (1999: 97) bendir þó á að tilhneiging ríki í öllum mannlegum málum til að útrýma tvímyndum sem þessum. Oft hefur þetta þau áhrif að merkingarlegur eða stílbundinn munur komi til sögunnar milli tvímyndanna.

Þorbjörg Hróarsdóttir (2004) telur líklegt að í gegnum margra alda skeið hefðu Íslendingar aðgang að tveim aðskildum málkerfum, eitt þeirra með formlegri sníði en hitt. Gæti því verið við að búast að umfangsmiklar breytingar á íslensku samfélagi á 18. og 19. öld hafi sett svip sinn á málið.

Í inngangi þessa kafla var fjallað um að ákveðnar málbreytingar, þ.e. að breytingar færíbreytna séu sagðar stórslysalegar (e. catastrophic) (Lightfoot 1999). Er nánar er að gáð virðist eðlilegt að þetta sé bein afleiðing eðlis færíbreytna sem mengi ólíkra einkenna. Erfitt er að henda reiður á með hvaða móti eða hraði málbreytingar breiðast út í gegnum samfélagið. Það er í eðli málsögulegra athugana að aldur frumheimilda sé breytilegur og dreifður út yfir langt tímarskeið. Þess vegna er mikilvægt að átta sig á að þótt ákveðnar breytingar líti út fyrir að hafa verið gífurlega umfangsmiklar er lítið er aftur í tímann, er þetta einungis afleiðing þess sjónarhorns sem núverandi fræðimenn búa yfir.

4.2 Þrjár tengdar málbreytingar

Ósjaldan er þess getið að íslenska er íhaldssamt mál og gildir þetta einnig um setningagerð hennar. Hljóðkerfi málsins hefur tekið þónokkrum breytingum í árunna rás ef litið er aftur til þess tímabils sem elstu ritheimildir bera vitni um. En þökk sé íhaldssömu stafsetningar- og beygingakerfi geta nútímamenn án talsverðra erfiðleika greint hlutverk setningarliða í fornmálstextum. Engu að síður virðist sem svo að nokkrar merkilegar breytingar hafi orðið á setningagerð málsins, þá einkum ef þær eru skoðaðar í ljósi málkunnáttufræði.

Í umfjöllun sinni um hvarf AS-orðaraðar í íslenskri málsögu segir Eiríkur Rögnvaldsson (1998) „freistandi,, að tengja það einnig við hvarf núlliða. Rökin fyrir þessu eru þau að hann telur að AS-röð hafi haldist í málinu a.m.k að hluta til vegna tíðni stílfærslu. Í upphafi 19. aldar fer notkun stílfærslu ört minnkandi. Þó svo að hún sé enn tæk í nútímamáli voru skilyrði fyrir notkun hennar með öðru á eldri málstigum. Tengist þetta einkum birtingu gervifrumlagsins *það* en talið er að það hafi ekki verið til í eldri íslensku sem leppur. Notkun gervifrumlagsins fór vaxandi á þessu tímabili og í nútímamáli er *það* notað í tilvikum þar sem á eldri málstigum hefði einungis stílfærsla verið möguleg¹⁷, (sbr. 40 úr ÍT3: 343). Í þessu sambandi er talað um að frumlagseyða sé skilyrði þess að stílfærsla sé möguleg.

(40)

- a. Hann sagði að **það** hefði ekki rignt um nóttina.
- b. Hann sagði að rignt hefði ____ um nóttina.

Ekki er fyllilega ljóst hvernig þessar breytingar geta tengst hnignun núlliða en Eiríkur bendir á kenningu Adams (1987 í ER 1996), en Adams rannsakaði hvarf núlliða í eldri frönsku. Hún telur að samband breytinganna felist í því að núlliðir séu einungis mögulegir þar sem þeim er stjórnað, en svo framarlega sem AS-orðaröð lifði í málinu gat núlliðir komið fyrir báðum megin við sagnir. Um leið og breytingin á orðaröð var gengin yfir þá yrðu núlllandlög á undan sögnum ótæk og við því væri við að búast að börn á máltökuskeiði gerðu ekki lengur ráð fyrir neinum núlliðum í máli sínu.

Þá segir Eiríkur (1996) að málhreinsunarstefna 19. aldar hefði mögulega átt sinn þátt í því að þessar breytingar gengu yfir eins hratt og raun ber vitni um. Eitt markmið

¹⁷ Hér ber einnig að geta að stílfærsla er notuð töluvert meira í ritmáli en talmáli.

málhreinsunarmanna var að útrýma stíleinkennum sem ekki lengur voru hluti af talmáli þess tíma. Hér ber að geta þess að ávallt er munur á talmáli og ritmáli. Þetta getur einkum verið vandasamt í sögulegri setningafræði, þá sérstaklega í tilfelli íslenskunnar, en íslenskir málfræðingar hafa e.t.v tilhneigingu til að bera saman formálsdæmi við talmál nútímans (Eiríkur 1996). Stafar þetta af því að rannsóknir í málkunnáttufræði byggjast á málkennd hvers fræðimanns en auðvitað er ekki hægt að leggja mat á formálsdæmi með sömu móti. Í þessu sambandi er þó hægt að halda því fram með nokkurri vissu að ritmál er ætíð það íhaldssamara af þessu tvennu. Því er sá möguleiki fyrir hendi að ákveðin ritmálsseinkenni hafi haldist í málinu lengi þó svo að ákveðin breyting hafi gengið yfir í verulegu máli í talmálinu.

4.3 Samtímaleg samkeppni

Sprouse og Vance (1999) halda því fram að hægt sé að gefa skýringu á hvarfi vísandi núllliða í íslensku án þess þó að tengja það við aðrar málbreytingar. Ef gengið er út frá því að núllliðir og sögð fornöfn hefðu getað komið fyrir í sömu stöðu (þ.e. eru bæði háð Bindilögmáli B), eini munrinn þeirra á milli er sá að núllliðir geta ekki borið áherslu. Hins vegar hafa sögð fornöfn í flestöllum tilfellum enga áherslumerkingu.

Færa þau rök fyrir því að venzl sagðra fornafna og núllliða (e. tonic and atonic pronouns) yrði væntanlega til þess að málkerfið hafi verið í ójafnvægi; þau yrðu í samtímalegri samkeppni (í meiningu Kroch 2008, eins og fjallað var um hér að framan) og við því væri að búast að tíðni sagðra fornafna færi vaxandi. Þetta skýrist af því að væntanlega ættu börn á máltökuskeiði auðveldara með að greina setningar þar sem sögð fornöfn koma fyrir í stað núllliða.

4.4 Samfélagslegar ástæður

Þorbjörg Hróarsdóttir (2004) telur að umfangsmiklar samfélagsbreytingar á Íslandi á 18. öld hafi getað orsakað meiriháttar breytingar í málumhverfi íslenskra barna.

Náttúruhamfarir og farsóttir leiddu til þess að talsverður hluti af samfélaginu lést á tiltölulega stuttum tíma; slík voru áhrifin á íslenskt samfélag að ný kynslóð málhafa ólst upp í óstöðugu málumhverfi. Venjulega er talið að u.þ.b. fimmtungur allra landsmanna hafi farist í Móðuharðindunum, en það er samheiti yfir þær hörmulegu afleiðingar sem fylgdu hamförunum í Skaftáreldum á árunum 1783-1785. Veðurfar á landinu breyttist

til hins versta og eiturgufu lagði yfir jörðina sem gerði það að verkum að mikill meirihluti búfænaðar féll. Fyrr á öldinni hafði einnig geisad bólusótt á landinu.

Mannföll, sér í lagi elstu og íhaldssömustu málfafanna, höfðu í för með sér að það mál sem börn á Íslandi komust í tæri við á þeim tíma breyttist. Óstöðugt málumhverfi barna á seinni hluta 18. aldar og öndverðu 19. öld hefðu getað opnað fyrir þann möguleika að erlend áhrif (t.d. úr dönsku) færu vaxandi. Þar að auki fluttist stór hluti samfélagsins úr landsbyggðinni til borgarinnar, sem leiddi til þess að börn fengu að vera frekar í kringum jafnaldra sína en áður, þegar íbúar dreifðust yfir allt landið í litlum þorpum. Við því væri að búast t.d. að yngri málfafar notuðu AS-orðaröð í minna mæli en þá er mögulegt að farið hefði fram úr þröskuldinum svo að segja; mikill meirihluti barna af þeirri nýju kynslóð hefðu þá greint mállega ílag sitt á þann veg að orðaraðarfæribreytan hefði breyst um stillingu.

5 Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið fjallað um núllfrumlög í íslensku á hinum ýmsu málstigum hennar. Í fyrsta kafla var rætt um málstigin út frá lögmála- og færíbreytukenningunni. Farið var yfir þau rök sem liggja að baki því að gert skuli ráð fyrir tóma liðnum *pro* í formgerð setninga og er þá einnig fjallað um formgerð setninga í íslensku út frá almennu sjónarhóli.

Vísandi núllfrumlög voru tæk í íslensku framundir 19. öld og hurfu þeir án þess að nokkrar breytingar yrðu á beygingakerfi málsins. Er þetta einkum athyglisvert í ljósi þess að lengi vel hefur verið talið að ríkuleg sagnbeyging sé aðalforsenda þess að núllfrumlög séu tæk í tilteknu máli. Í lok fyrsta kafla var sagt frá málgerðarfræðilegri flokkun fornafnafellimála, en rannsóknir síðari ára hafa leitt í ljós að tengsl milli ríkulegrar beygingar og möguleika þess að fella brott fornefni er ekki eins skýr og áður var haldið.

Í öðrum kafla var vikið að núllfrumlögum í íslensku, fornu máli sem nýju. Helstu gerðir núllliða í málinu eru kynntar til sögunnar og rætt um þær. Þar ber helst að nefna að sú breyting hefur orðið á leið til nútímamáls að undanfari frumlagnúllliða þurfti ekki að vera í sömu setningafræðilegri stöðu á eldri málstigum. Dæmi eru um frumlagnúllliði með t.a.m. andlag eða eignarfallseinkunn sem undanfara. Tengsl undanfarans og núllliðar gat mögulega verið tiltölulega flókin, fleiri setningar gætu verið á milli þeirra eða enginn mállegur undanfari tiltækur. Kemst Þóra Björk Hjartardóttir (1993) að þeirri niðurstöðu að í eldra máli skipti textasamhengi höfuðmáli fyrir túlkun núllliða.

Þriðji kafli snerist um greiningu þessara liða. Halldór Sigurðsson (1993) telur að í forníslensku var til *pro* fyrir bæði frumlög og andlög og hvorttveggja voru þekkjanleg út frá samvísun við nafnlið í undangenginni umræðu. Bent var á að gera þarf greinarmun á núllfrumlögum í aðalsetningum og annars konar núllliðum. Sá munur er fólgin í því að núllfrumlög í aukasetningum þurfa ekki samvísun við undanfarandi nafnlið. Heldur hann því fram að í þeim tilfellum er ekki um *pro* að ræða heldur núllkjarna í ákvæðisliðarsæti tengiliðarins (spec, CP). Með þessu er átt við að þau tilfelli þar sem núllfrumlag birtist með sögnina á undan er um kjarnabrottfall að ræða. Kinn, o.fl. (2014) draga í efa þessa greiningu Halldórs um að gera þarf greinarmun á tvenns konar núllliðum í eldri íslensku en hafa þeir gert leit að slíkum liðum í sögulega

íslenska trjábankanum IcePaHC. Þar fundust dæmi um núllfrumlög án beins mállegs undanfara í setningum þar sem yfirborðsliður situr í ákv.TL en þá er ekki lengur hægt að færa rök fyrir kjarnabrottfalli.

Ljóst er að hegðun núllliða í eldri íslensku (sem og öðrum skyldum málum) er með öðru móti en í svokölluðum hefðbundnu fornafnafellimálum, t.a.m. vegna þess að í þeim bera sögð fornöfn enga andstæðu- eða áherslumerkingu. Þar að auki var fjallað um sambandið á milli upplýsingaforms og gefinna upplýsinga, en Þóra Björk (1993) benti á að notkun núllliða í íslensku er háð því að upplýsingarnar sem um ræðir séu í einhverjum skilningi gefnar í undangengnum texta.

Þá var fjallað um mögulegar ástæður fyrir hvarfi núllliða í íslenskri málsögu. Fylgir hér fyrst umfjöllun um málbreytingar almennt og þá sér í lagi endurstillingu færíbreytna. Þessu til grundvallar liggur sú meginhugmynd að málbreytingar eiga sér stað vegna þess að börn á máltökuskeiði þurfa að túlka það mál sem þau heyra í kringum sig til þess að byggja upp eigið málkerfi. Ýmsir þættir geta haft áhrif á þetta ferli, bæði breytingar sem tengjast innri þáttum málsins en einnig ytri þættir svo sem samfélagslegar breytingar. Í þessu sambandi var hugað að samspili þriggja málbreytinga sem að því er virðist gengu yfir á sama tíma, þ.e. hvarf AS-orðaraðar, hnignun stílfærslu og birtingu gervifrumlagsins *það*.

Athyglisvert væri að kanna þetta efni nánar í framtíðinni enda eru þessar breytingar þær helstu sem orðið hafa á setningagerð íslenskunnar frá því á elstu málstigum. Tækifærin eru mörg til frekari rannsókna með tilkomu setningafræðilegra greindra trjábanka.

Heimildaskrá

- Atli Týr Ægisson. 2012. Má ég fá nokkur læk hingað? *Um málfar og málnotkun á fésbókinni*. BA ritgerð í íslensku við Háskóla Íslands.
- Biberauer, T. 2010. *Parametric variation: null subjects in minimalist theory*. Cambridge, UK; New York: Cambridge University Press.
- Chomsky, Noam. 1981. *Lectures on government and binding*. Foris, Holland.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1995. Setningafræði. 5. kafli: Huldir liðir, FOR og völdun. Dreifiblöð í setningafræði. Bein slóð: <https://notendur.hi.is/eirikur/setn95k5.htm> [sótt 15. júlí 2014]
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1996. Word Order Variation in the VP in Old Icelandic. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 58:55–86.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. Um orðaröð og færslur í íslensku. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Haegeman, Liliane M. V. 1994. *Introduction to government and binding theory*. Oxford, UK ; Cambridge, Mass., USA: B. Blackwell.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2011. Conditions on Argument Drop. *Linguistic Inquiry* 2. 267-304.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1993. Argument-drop in Old Icelandic. *Lingua* 89: 247–80
- Huang, C.-T.J., 1984. On the distribution and reference of empty pronouns. *Linguistic Inquiry* 15, 531-574
- Höskuldur Þráinsson 2005. *Íslensk tunga III. Setningar*. Handbók um setningafræði: Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Almenna bókafélagið, Reykjavík. (Vísað er til þess rits með skammstöfuninni ÍT3)
- Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Jaeggli, Osvaldo og Safir, Kenneth J. 1989. *The Null Subject Parameter*. Kluwer Academic Publishers, Dordrecht, Hollandi.
- Kinn, Kari og Rusten, Kristian A. og Walkden, George. 2014. Null Subjects in Early Icelandic. *Understanding pro-drop: A synchronic and diachronic perspective Trento, 20 June 2014*.
- Kroch, Anthony. 2008. Tilbrigði í orðmyndun og setningagerð. *Ritið* 8 (3) : 211-242.
- Margrét Guðmundsdóttir. 2008. Málbreytingar í ljósi málkunnáttufræði. *Íslenskt mál* 30 :7-52.

- Nygaard, Marius. 1905. *Norrøn syntax*. Aschehoug, Kristiania.
- Lambrecht, Knud. 1994. *Information structure and sentence form. Topic, focus, and the mental representations of discourse referents*. Cambridge: CUP.
- Roberts, Ian 2007. *Diachronic Syntax*. Oxford: Oxford University Press.
- Lightfoot, D. 1999. *The development of language: Acquisition, changes and evolution*. Malden: Blackwell Publishers.
- Rizzi, L. 1982. *Issues in Italian syntax*. Dordrecht, Holland; Cinnaminson, N.J., U.S.A.: Foris Publications.
- Rosenkvist, Henrik. 2009. Referential null subjects in Germanic: An overview. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 84:151–180.
- Tamburelli, M. 2006. Remarks on Richness. *UCL Working Papers in Linguistics* 18. 439-55.
- Þóra Björk Hjartarsóttir. 1993. *Getið í eyðurnar*. Um eyður fyrir frumlög og andlög í eldri íslensku. Ritgerð til kandidateksprófs í íslenskri málfræði. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Þorbjörg Hróarsdóttir. Cues and expressions. *Nordlyd 2004; Volum 32 (1)*. 135 - 155.